

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

26.01 - 28.01 2017

# Sinfónían á Myrkum

**Sinfónían á Myrkum / The Iceland Symphony Orchestra**
19:30 / 7.30pm
Eldborg
2.500 - 4.100 kr.

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur. / Please keep mobile phones turned off during the concert.**

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpinu og á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

The concerts are broadcast live on television and radio, on State Television Channel 1 and Radio Channel 1, and are available in the Icelandic National Broadcasting Service's online archive, Sarpurinn, at www.ruv.is.

Guests are kindly requested to applaud only at the end of each composition.

Recordings of the Iceland Symphony Orchestra can be found on the orchestra's YouTube and Spotify channels. A list of all of the works on the current season's roster can also be found on Spotify.

Efnisskrá / Program:

Atli Heimir Sveinsson
Doloroso (1998) (7')

Kristín Þóra Haraldsdóttir
Cycles (2016) - heimsfrumflutningur / world premiere (11')

Haukur Tómasson
Echo Chamber (2015) - heimsfrumflutningur / world premiere (20')

Hlé / Intermission

Úlfur Hansson
Arborescence (2016) (10')

Thomas Adès
Polaris (2010) (15')

Flytjandi / performer: Sinfóníuhljómsveit Íslands / Iceland Symphony Orchestra (lista hljóðfæraleikara má finna á bls. XY / musicians are listed on page XY).
Stjórnandi / conductor: Petri Sakari
Einleikari / soloist: Þórunn Ósk Marinósdóttir

Petri Sakari
hljómsveitarstjóri

Petri Sakari stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn í október árið 1986 og mörkuðu þeir tónleikar upphaf gifturíks sambands hans við hljómsveitina, íslenskt tónlistarlíf og landið sjálft. Árið 1988 tók hann við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og gegndi henni til 1993 og síðan aftur á árunum 1996 til 1998 en í millitíðinni var hann aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar. Á þessu hartnær 30 ára tímabili hefur Petri Sakari stjórnað hljómsveitinni á liðlega 160 tónleikum, í Reykjavík og víðsvegar um landið en einnig í Helsinki og nokkrum öðrum borgum Finnlands, í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. Þá var hann við stjórnvölinn í ferð hljómsveitarinnar til Grænlands árið 1997. Fjölmargir geisladiskar Sinfóníuhljómsveitarinnar hjá Chandos- og Naxos-útgáfunum undir stjórn Sakaris vöktu mikla athygli og öfluðu hljómsveitinni alþjóðlegra vinsælda og virðingar.
Petri Sakari hóf fiðlunám átta ára gamall og innritaðist ári síðar í tónlistarháskólann í Tampere, þar sem píanó og óbó bættust við hljóðfæragreinarnar.
Hann hóf hljómsveitarstjóraferil sinn aðeins sautján ára að aldri og stjórnaði á námsárum sínum meðal annars Sinfóníuhljómsveit Tampere-tónlistarháskólans og óperusýningum í Sibeliusar-akademíunni þar sem aðalkennari hans var Jorma Panula. Frá árinu 1983 hefur hann stjórnað öllum helstu hljómsveitum Finnlands, svo sem Finnsku útvarpshljómsveitinni og Lahti-sinfóníunni. Hann var aðalstjórnandi Lohja-sinfóníunnar í Finnlandi 1993–1996, aðalgestastjórnandi Sænsku kammersveitarinnar 1995–1997 og einnig aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gävle í Svíþjóð 2000–2004. Þá var hann aðalhljómsveitarstjóri Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Turku í Finnlandi til ársins 2012.
Petri Sakari hefur á ferli sínum látið að sér kveða sem óperustjórnandi og þótti túlkun hans á óperu Gunnars Þórðarsonar um örlög Ragnheiðar biskupsdóttur mjög áhrifamikil.



Petri Sakari
Conductor

Petri Sakari conducted the Iceland Symphony Orchestra for the first time in October 1986, a concert that marked the beginning of a fruitful collaboration with the orchestra, the Icelandic musical scene, and the country itself. In 1988 he was appointed Chief Conductor of the ISO, a position he held until 1993 and then again from 1996-1998, serving as Chief Guest Conductor in the interim. Over this period spanning nearly three decades, Petri Sakari has conducted the orchestra at more than 160 concerts in Reykjavík and around Iceland, In Helsinki and several other cities in Finland, in Stockholm, and in Copenhagen. He also oversaw the ISO's visit to Greenland in 1997. The many CDs issued by the Chandos and Naxos labels with the Iceland Symphony Orchestra under the baton of Petri Sakari have drawn considerable attention and brought the orchestra international respect and popularity.

Petri Sakari began studying the violin at age five and enrolled at the Tampere Conservatory a year later, adding piano and oboe to his instrumental studies.

He began his conducting career at seventeen and, during his student years, conducted the Tampere Conservatory, among others, and conducted opera performances at the Sibelius Academy, where his primary teacher was Jorma Panula. Since 1983 he has conducted all of the major orchestras in Finland, including the Finnish Radio Symphony Orchestra and the Lahti Symphony Orchestra. He was Chief Conductor of the Lohja City Orchestra in Finland from 1993-1996, Principal Guest Conductor of the Swedish Chamber Orchestra from 1995-1997, and Chief Conductor of the Gävle Symphony Orchestra in Sweden from 2000-2004. He was Chief Conductor of the Turku Philharmonic Orchestra in Finland until 2012.

Petri Sakari has become well known and respected as an opera conductor during his career. In Iceland, his interpretation of Gunnar Þórðarson's opera 'Ragnheiður' was enthusiastically received.

Þórunn Ósk Marínósdóttir
einleikari

Þórunn Ósk Marinósdóttir er leiðari víóludeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún er fædd og uppalin á Akureyri þar sem hún stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur. Hún lauk mastersprófi í víóluleik við Konunglega tónlistarháskólann í Brussel undir handleiðslu Ervin Schiffer. Í Belgíu var hún leiðari víóludeildar kammerhljómsveitarinnar Prima la Musica undir stjórn Dirks Vermeulen og um tíma meðlimur í I Fiamminghi-hljómsveitinni undir stjórn Rudolfs Werthens.

Þórunn hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Prima la Musica, Kammersveit Reykjavíkur og Sumida Triphony Hall-hljómsveitinni í Tókýó.
Hún kennir víóluleik og kammermúsík við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands auk þess sem hún hefur reglulega kennt á sumarnámskeiðum við Alþjóðlegu tónlistarakademíuna í Hörpu og Tónlistarhátíð unga fólksins.
Þórunn spilar mikið af kammermúsík og er reglulegur gestur Kammermúsíkklúbbsins, annarra tónlistarhátíða í Reykjavík og víðar. Árið 2012 stofnaði hún Strokkvartettinn Sigga ásamt félögum sínum í kvartettinum.
Plötuútgáfan Smekkleysa hefur gefið út hljóðritanir þar sem Þórunn fer með einleikshlutverkið í víólukonsertinum Ombra ásamt Kammersveit Reykjavíkur og Dagbókarbrot fyrir víólu og píanó ásamt Steinunni Birnu Ragnarsdóttur, hvoru tveggja eftir Hafliða Hallgrímsson. Þá hefur hún leikið á fjölmörgum öðrum hljóðritum, oftast undir merkjum Kammersveitar Reykjavíkur, nú síðast á diski með kammertónlist þar sem septettinn Langur Skuggi eftir Hauk Tómasson er meðal annarra verka.



Þórunn Ósk Marinósdóttir
Soloist

Þórunn Ósk Marinósdóttir is principal violist at the Iceland Symphony Orchestra. She was born and raised in Akureyri, where she studied violin with Lilja Hjaltadóttir. She completed her master's degree in viola performance at the Royal Conservatory of Brussels under the tutelage of Ervin Schiffer. While in Belgium, she was principal violist with the Prima la Musica chamber orchestra under the baton of Dirk Vermeulen and for a time she was a member of I Fiamminghi, the Orchestra of Flanders, under the direction of Rudolf Werthens.
Þórunn has appeared as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra, Prima la Music, the Reykjavík Chamber Orchestra, and the Sumida Triphony Hall Orchestra in Tokyo.
She teaches viola and chamber music at Reykjavík College of Music and the Iceland Academy of the Arts and has taught regularly at summer seminars such as the Harpa International Music Academy and the Icelandic Chamber Music Festival.
An avid performer of chamber music, she is a regular guest of the Chamber Music Club, as well as playing at other music festivals in Reykjavík and elsewhere. In 2012, she and her colleagues founded the quartet Siggi Strings.
Smekkleysa / Bad Taste Records has issued CDs featuring Þórunn as soloist in the Reykjavík Chamber Orchestra's performance of Hafliði Hallgrímsson's viola concerto 'Ombra' and Hallgrímsson's 'Dagbókarbrot' for viola and piano, with pianist Steinunn Birna Ragnarsdóttir. Þórunn has also played on a number of other CDs, most often with the Reykjavík Chamber Orchestra, most recently on a recording of chamber music including Haukur Tómasson's septet 'Langur Skuggi'.

Atli Heimir Sveinsson
Doloroso

Atli Heimir (1938) stundaði nám í píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík, og lauk lokaprófi í tónsmíðum og tónfræði frá Staatliche Hochschule für Musik í Köln 1963, nam raftónlist við Raftónverið í Bilthoven í Hollandi 1964 og sótti Kölner Kurse für neue Musik 1965.
Að námi loknu kom Atli heim og gerðist atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi.
Hann var kennari í tónsmíðum og tónfræðum við Tónlistarskólann í Reykjavík og einnig gestaprófessor við Brown University. Þá annaðist hann vinsæla tónlistarþætti fyrir RÚV öðru hvoru um árabil. Atli var formaður Tónskáldafélags Íslands 1972-83 og gegndi öðrum leiðandi trúnaðarstörfum í menningarstofnunum bæði heima og erlendis.
Verkalisti Atla Heimis er einkar fjölbreytilegur og telur hann nokkur hundruð tónverk, þar á meðal einleikskonserta, hljómsveitarverk, kammerverk, einleiksverk, sönglög og leikhústónlist. Atli hlaut Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs 1976.

Um verkið segir tónskáldið meðal annars:
*„Doloroso var samið að beiðni Guðmundar Emilssonar og er samið í minningu Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur, forsetafrúarinnar sem varð allri íslensku þjóðinni harmdauði þegar hún féll frá á besta aldri.*

*Titillinn segir allt um verkið. Það er hugleiðing um sársauka, söknuð og missi. Vitnað er frjálslega í útfararsálminn Allt eins og blómstrið eina, sem sunginn er yfir moldum allra Íslendinga. Og það er einsleiksfiðlan sem syngur lagið — eins og eftir minni.*

*Sumir segja að tónlistin sé andheimur, annar en veruleiki hlutanna. Sumir segja að tónlistin geti linað sorg hins jarðneska lífs og veitt mannkyninu huggun. Doloroso er samið með það í huga.*

*Verkið var frumflutt af Kammersveit baltnesku fílharmóníunnar undir stjórn Guðmundar Emilssonar á tónleikum Brown-háskólans í Providence í Bandaríkjunum að viðstöddum forseta Íslands.“*

Atli Heimir Sveinsson
Doloroso

Atli Heimir Sveinsson (b. 1938) studied piano at Reykjavík College of Music and graduated from the Staatliche Hochschule für Musik in Cologne in 1963. He studied electronic music at the Bilthoven Electronic Music Course in the Netherlands in 1964 and attended the Kölner Kurse für neue Musik in 1965.
Upon returning to Iceland, Atli became active in the Icelandic musical scene. He taught composition and music theory at Reykjavík College and was a guest faculty member at Brown University. For a number of years he hosted popular radio shows on music for the Icelandic National Broadcasting Service. Atli was president of the Icelandic Composers' Society from 1972-83 and has held a number of other positions with cultural institutions in Iceland and abroad.
Atli Heimir's compositions are varied and numerous, including several hundred works ranging from solo concertos, orchestral pieces, chamber works, solo pieces, songs, and theatre music. He received the Nordic Council Music Prize in 1976.

The composer's comments on this work:
*"'Doloroso' was written at the request of Guðmundur Emilsson to commemorate former Icelandic First Lady Guðrún Katrín Þorbergsdóttir, who died tragically at far too young an age.*
*The title says what needs to be said about the piece. It is a meditation on pain, nostalgia, and loss. Oblique reference is made to the hymn 'Death's Uncertain Hour', which is sung at virtually all Icelanders' funeral.*

*The solo violin plays the melody, as if by memory.*
*Some say that music is a spiritual world apart from material reality. Some say that music can ease grief in this earthly life and give mankind solace. 'Doloroso' was written with this in mind.*
*The work was premiered by the Baltic Philharmonic Chamber Orchestra conducted by Guðmundur Emilsson, at a concert at Brown University in Providence, Rhode Island, with the president of Iceland in attendance."*

Kristín Þóra Haraldsdóttir
Cycles

Kristín Þóra kemur víða við í nálgun sinni á tónlist og sinnir jöfnum höndum hlutverkum tónskálds, flytjanda og spunaleikara. Nálgun Kristínar er gjarnan tilraunakennd í gegnum spuna og umhverfishljóð. Verk hennar hafa verið flutt af Sinfóníuhlómsveit Íslands, Nordic Affect, Umbru, Kúbus, XelmYa trio, Israeli Contemporary Players og fleirum. Cycles er hennar annað verk fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, en Water's Voice, sem hljómsveitin flutti árið 2015 var valið sem framlag Íslands á International Rostrum of Composers í Tallin í Eistlandi það árið.
Kristín kemur reglulega fram sem víóluleikari með hljómsveitum á borð við Mógil og Umbru, kammersveitum, söngvaskáldum og spunaleikurum, ásamt því að hafa starfað með hópum tengdum leikhúsi og gjörningum. Kristín hefur frumflutt ný einleiksverk fyrir víólu á Myrkum músíkdögum, Jaðarberi, Tectonics Glasgow og Dogstar hátíðinni í Los Angeles. Árið 2016 kom út plata með tónlist og hljóðmyndum hennar með gítar og umhverfishljóðum hjá VDSQ Records.
Kristín nam víóluleik og tónsmíðar við Listaháskóla Íslands og lauk vorið 2011 mastersnámi í flutningi, tónsmíðum og samtengdum miðlum við California Institute of the Arts.

Um hljómsveitarverkið Cycles segir Kristín Þóra:

*„Cycles — hljóðmyndir af hringrásum og tímabilum fara um sporbrautir og birtast á víxl.*
*Hljómfall og tíðnir eru fengnar úr tónaröðum í réttstillta kerfinu (just intonation), sem byggist á hinni náttúrulegu yfirtónaröð."*

Kristín Þóra Haraldsdóttir
Cycles

Kristín Þóra uses a wide-ranging approach to her music, acting variously as composer, performer, and improviser. Her approach is often experimental, employing improvisation and environmental sounds. Her works have been performed by the Iceland Symphony Orchestra, Nordic Affect, Umbra, Kúbus, the XelmYa Trio, the Israeli Contemporary Players, and others. 'Cycles' is her second work for the ISO. 'Water's Voice', performed by the orchestra in 2015, was selected as Iceland's contribution to the International Rostrum of Composers in Tallinn, Estonia, that year.
Kristín performs regularly as a violist with ensembles such as Mógil and Umbra, with chamber groups, songwriters, and improvisational musicians, as well as working with theatre groups and artistic installations. She has premiered new pieces for viola at Dark Music Days, Jaðarber / Peripheriberry, Tectonics Glasgow, and the Dogstar Festival in Los Angeles. A recording of her music and sound ideas, with guitar and environmental sounds, was released in 2016 by VDSQ Records.
Kristín studied viola and composition at the Iceland Academy of the Arts and received a master's degree in performance, composition, and related media from the California Institute of the Arts in 2011.

Kristín Þóra says the following about ‘Cycles’:
*“‘Cycles’ – sound portraits of cycles and periods travel along elliptical paths and appear by turns. Cadences and frequencies are obtained from tonal series of justly tuned intervals based on the natural overtone series.”*

Haukur Tómasson
Echo Chamber

Haukur Tómasson (1960) stundaði tónlistarnám við Tónlistarháskólann í Reykjavík hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni og Atla Heimi Sveinssyni, og síðar við Tónlistarháskólann í Köln, Sweelinck-tónlistarháskólann í Amsterdam og Kaliforníuháskóla (San Diego) þaðan sem hann lauk meistaraprófi árið 1990.

Meðal verka hans má nefna óperuna Fjórða söng Guðrúnar, 9 hljómsveitarverk, Fiðlukonsert sem saminn var fyrir Sigrúnu Eðvaldsdóttur, flautukonserta og ýmsa kammer- og kórtónlist. Haukur hefur hlotið fjölda viðurkenninga svo sem tvívegis verðlaun í tónverkasamkeppni RÚV, Bjartsýnisverðlaun Bröste 1996 og Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir verkin Ardente og Moldarljós. Þá bar verk hans Í sjöunda himni sigur úr býtum í samkeppni um tónverk til flutnings á opnunarhátíð Hörpu árið 2011.

Haukur fékk tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir óperuna Fjórði söngur Guðrúnar. Í næsta mánuði mun Víkingur Ólafsson frumflytja nýjan píanókonsert Hauks með NDR Elbphilharmonie Orchester undir stjórn Esa-Pekka Salonen.

Um verk sitt segir Haukur:
*„Echo Chamber (bergmálsrými) er hugtak sem notað er í fjölmiðlafræði um það þegar upplýsingar eða hugmyndir eru magnaðar með dreifingu og endurtekningu inni í „lokuðu“ kerfi, þar sem ólíkar eða andstæðar skoðanir eru bannaðar. Þegar Þórunn bað mig um að semja víólukonsert ákvað ég að vinna með ýmiss konar bergmálsrými í tónlist. Yfirleitt er það víólan sem leiðir umræðuna og síðan fylgja mismargir í kjölfarið.*

Víólukonsertinn Echo Chamber var saminn á árunum 2012 til 2015 og er tæplega 20 mínútna langur í einum áttskiptum kafla. Konsertinn er tileinkaður Þórunni.“

Haukur Tómasson
Echo Chamber

Haukur Tómasson (b. 1960) studied at Reykjavík College of Music, where his main teachers were Þorkell Sigurbjörnsson and Atli Heimir Sveinsson. He pursued further study at the Cologne University for Music, the Sweelinck Conservatory of Amsterdam, and the University of California, San Diego, where he received a master’s degree in 1990.
Among his works are the opera ‘Guðrún’s Fourth Song’, nine orchestral pieces, a violin concerto written for Sigrún Eðvaldsdóttir, two flute concertos, and a variety of chamber and choral compositions. Haukur has received a number of awards, including two prizes in the Icelandic National Broadcasting Service’s composition competition, the Bröste Optimism Prize (1996), and the Icelandic Music Award for ‘Ardente and Moldarljós’. His orchestral piece In Seventh Heaven was selected by competition for performance at the opening concert of the Harpa Concert Centre in 2011. In 2004, Haukur received the Nordic Council Music Prize for the opera ‘Guðrún’s Fourth Song’. Next month Víkingur Ólafsson will premiere Haukur’s new piano concerto with the NDR Elbphilharmonie Orchester under the baton of Esa-Pekka Salonen.

The composer says this about the piece:
*"'Echo Chamber' is a term used in media studies to describe the repeated amplification and distribution of ideas within a closed space where opposing ideas cannot gain entry. When Þórunn asked me to write a viola concerto, I decided to work with various types of musical echo chambers. It is usually the viola that leads the 'discussion', with a varying number of others following suit.*
*The viola concerto 'Echo Chamber' was written between 2012 and 2015 and is just under 20 minutes long, in one eight-section movement. The work is dedicated to Þórunn."*

Úlfur Hansson
Arborescence

Úlfur útskrifaðist árið 2015 með mastersgráðu í raftónlist frá Mills College í Kaliforníu, og starfar nú sem tónlistarmaður og upptökustjóri í Brooklyn, New York.
Meðal helstu verka sem flutt hafa verið eftir Úlf síðastliðið ár eru Innstirni fyrir einleikspíanó Interwoven fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, Urð fyrir blandaðan kór, Þýð fyrir strengjatríó, Útfrymi fyrir 8 selló, Skin Continuum fyrir uchiwa taiko-trommu/rafmagn og Weightlessness fyrir míkrótónal kirkjuorgel.

Úlfur var tilnefndur sem bjartasta von Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2008, hlaut nýsköpunarverðlaun forseta Íslands árið 2013 og fyrstu verðlaun í tónlistarsamkeppni Alþjóðlega tónskáldaþingsins sama ár, en hann var tilnefndur fyrir hönd Íslands af RÚV.

Hann leggur um þessar mundir lokahönd á plötu samnefndri verkinu Arborescence, sem tekin var upp í New York og Seattle með upptökustjóranum Randall Dunn, ásamt Gyðu Valtýsdóttur, Shahzad Ismaily, Zeenu Parkins, Skúla Sverrissyni, Greg Fox og Alex Somers. Platan Arborescence kemur út um allan heim vorið 2017.

Um verkið segir Úlfur:
*„Hljómsveitarverkið Arborescence var samið fyrir L'Orchestre Philharmonique de Radio France í fyrra. Verkið dregur nafn sitt af mynstrum trjágreina, þar sem hliðstæðir möguleikar kvíslast sundur og vaxa í ólíkar áttir. Líkt og útlínur eldinga teygist hver sproti í þá átt sem sýnir minnst viðnám, í átt að ljósi eða í átt að jörðu. Hugsunin er sú sama í uppbyggingu verksins, en þegar umbreyting á sér stað í laglínum einstakra hljóðfæraleikara myndast keðjuverkun sem vex gegnum hljómsveitina. Hreyfingin endurvarpast milli hljóðfæraleikaranna og hljóðmassinn vex. Stundum er massinn þykkur líkt og trjákróna, annars staðar er hver lína löng og mjó eins og sproti, sem teygir sig í átt að næsta hluta verksins."*

Úlfur Hansson
Arborescence

Úlfur received a master's degree in electronic music from Mills College in California in 2015 and currently works as a musician and recording engineer in Brooklyn, New York.
Works performed in the past year include 'Innstirni' for solo piano; 'Interwoven', written for the Iceland Symphony Orchestra; 'Urð' for mixed choir; 'Þýð' for string trio; 'Útfrymi' for eight cellos; 'Skin Continuum' for uchiwa taiko drum/electronics; and 'Weightlessness' for microtonal church organ.
Úlfur was nominated as The Brightest Hope at the Icelandic Music Awards in 2008, received the President of Iceland's Innovation Award in 2013, and won first prize at the International Composers' Forum that same year, after having been nominated by the Icelandic National Broadcasting Service to represent Iceland.

At present, he is completing an album bearing the same name as this piece, ‘Arborescence’, which was recorded in New York and Seattle with recording engineer Randall Dunn, together with Gyða Valtýsdóttir, Shahzad Ismaily, Zeena Parkins, Skúli Sverrisson, Greg Fox, and Alex Somers. The album ‘Arborescence’ will be released worldwide in spring 2017.

Úlfur says this about the piece:
*“The orchestral work ‘Arborescence’ was written for L’Orchestre Philharmonique de Radio France last year. The title is drawn from patterns of tree branches where parallel possibilities branch apart and grow in different directions. Like outlines of lightning, each shoot reaches in the direction providing the least resistance, towards the light or the earth. The thinking is the same in the structure of the work, and when the melodies played by individual instruments are transformed, a chain reaction develops and spreads throughout the orchestra. The movement is reflected between instrumentalists, and the sound mass grows. In some places it is thick, like the crown of a tree; elsewhere each line is long and thin, like a shoot that reaches out towards the next part of the piece.”*

Thomas Adès
Polaris

Thomas Adès er fæddur í London árið 1971 og er hann í hópi mikilhæfustu tónlistarmanna samtímans. Á verkalista hans sem tónskálds eru m.a. tvær óperur, mörg hljómsveitarverk, kórverk, einleiksverk og kammertónlist.

Sem hljómsveitarstjóri hefur hann stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar og óperusýningum í leiðandi óperuhúsum bæði austan hafs og vestan. Þá er hann virtur konsertpíanisti og kemur reglulega fram sem slíkur.
Adès var listrænn stjórnandi Aldeburgh-hátíðarinnar frá 1999–2008.

Thomas Adès hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín, þar á meðal Grammy-verðlaun fyrir óperuna Ofviðrið (The Tempest) árið 2014.

Adès stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Háskólabíói í nóvemberlok 2007. Á efnis-skránni voru tvö verka hans – fiðlukonsertinn Concentric paths og hljómsveitarverkið Asyla.

Um verkið segir Thomas:
*„Polaris kannar notkun á afstöðu stjarnanna í siglingafræði og tilfinningaflæði burtsigldra sjómanna og þess sem þeir skilja eftir heima. Verkið er skrifað fyrir hljómsveit, þar á meðal hóp málmblásara sem staðsetja má utan sviðsins. Þessi hljóðfæri leika keðjustef, eitt í hverjum af þremur hlutum verksins, fyrst háu hljóðfærin (trompetar) og síðast það dýpsta (túban). Laglína þeirra, líkt og annar efniviður í verkinu, er tekinn úr segul-tónaröð, tónamynstri sem hér heyrist í fyrsta sinn — þar sem allir tónarnir tólf eru kynntir einn af öðrum en sogast síðan inn í ákveðna röð líkt og fyrir segulkraft. Við fyrstu innkomu tólfta tónsins, sem pákan kynnir í sinni fyrstu innkomu, er segulskautinu snúið við. Í upphafi þriðja og síðasta hlutans uppgötvast þriðja skautið sem myndar stöðugt jafnvægi við það fyrsta.”*

Thomas Adès
Polaris

London-born Thomas Adès (b. 1971) ranks among today's most important musicians. His compositions include two operas, a number of orchestral, choral, and solo pieces, and chamber music. As an orchestral conductor, he has conducted many of the world's leading orchestras and operatic performances in major opera houses on both sides of the Atlantic. He is also a respected concert pianist and performs regularly. He was artistic director of the Aldeburgh Festival from 1999-2008. Thomas Adès has received numerous awards for his work, including a Grammy for his opera 'The Tempest' in 2014.
He conducted the Iceland Symphony Orchestra at a concert in Háskólabíó in November 2007, with two of his own works on the programme: the violin concerto 'Concentric Paths' and the orchestral piece 'Asyla'.

The composer describes the work as follows:
*"'Polaris' explores the use of star constellations for naval navigation and the emotional navigation between the absent sailors and what they leave behind. It is scored for orchestra, including groups of brass instruments that may be isolated from the stage. These instruments play in canon, one in each of the three sections of the piece, entering in order, from the highest (trumpets) to the lowest (bass tuba). Their melody, like all the music in this work, is derived from a magnetic series, a musical device heard here for the first time, in which all 12 notes are gradually presented, but persistently return to an anchoring pitch, as if magnetized. With the first appearance of the twelfth note, marked clearly with the first entrance of the timpani, the poles are reversed. At the start of the third and final section, a third pole is discovered, which establishes a stable equilibrium with the first."*